
Ársskýrsla Farskólans

miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra 2011



Hluti þátttakenda í fræðsluverkefninu Eflum Byggð í Húnaþingi vestra

Efnisyfirlit

1. Um Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	4
1.1 Stofnun og stofnaðilar	4
1.2 Stjórn og varastjórn	4
1.3 Starfsfólk	4
2. Styrkir og vildargjöld 2011	5
2.1 Mennta- og menningarmálaráðuneytið - framlög.....	5
2.2 Sveitarfélög, stéttarfélög, fyrirtæki og stofnanir - framlög	5
2.3 Framlög Fræðslusjóðs	6
3. Um fræðslustarfið / símenntun 2011	7
3.1 Tölfræði vegna námskeiða Farskólans	7
3.2 Námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	13
3.3 Eflum Byggð í Húnaþingi vestra.....	13
3.4 Önnur námskeið	14
4. Náms- og starfsráðgjöf.....	15
5. Háskólanám.....	16
6. Húsnæði og búnaður	17
6.1 Menntabruin, FS net og kerfisleiga	17
7. Gæðastarf – viðurkenning fræðsluaðila.....	18
8. Samstarf og verkefni	19
8.1 Kvasir og Leikn.....	19
8.2 Aðrir samstarfsaðilar.....	20
8.3 Verkefni	20
9. Starfið framundan í Farskólanum	22
10. Lokaorð	23
Fylgiskjöl.....	24
Fjöldi námsmanna, kennslustunda og nemendastunda frá 2003.....	26

1. Um Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

1.1 Stofnun og stofnaðilar

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki 9. desember árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Farskólinn varð sjálfseignarstofnun árið 1998. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósþing, sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Akrahreppur og sveitarfélagið Skagafjörður. Stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Starfsmannafélag Skagafjarðar, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki, Fisk Seafood hf, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Hólaskóli – háskólinn á Hólum. Fjallabyggð sagði sig frá samstarfi við Farskólann vorið 2011 og ákvað að ganga til samstarfs við Símei – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

1.2 Stjórn og varastjórn

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn Farskólans kosin til tveggja ára í senn. Ný stjórn var kosin á aðalfundi Farskólans 11. maí 2011. Aðalmenn í stjórn Farskólans eru: Ásgerður Pálsdóttir, formaður (stéttarfélag). Herdís Klausen, ritari (fyrirtæki og stofnanir), Hörður Ríkharðsson (sveitarfélag), Ingileif Oddsdóttir (Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra) og Skúli Skúlason (Hólaskóli – háskólinn á Hólum). Varamenn eru, í sömu röð og aðalmenn: Þórarinn Sverrisson, Guðrún Sighvatsdóttir, Rakel Runólfsdóttir, Þorkell Þorsteinsson og Sólrún Harðardóttir. Ingileif Oddsdóttir kom ný inn í stjórn á árinu sem nýr skólameistari FNV.

Árið 2011 voru haldnir fjórir formlegir stjórnarfundir. Aðalfundur var haldinn 11. maí. Vorfundur Farskólans, sem var stefnumótunarfundur, var haldinn 13. september í Brimnesi á Skagaströnd.

1.3 Starfsfólk

Fjögur stöðugildi voru við skólann árið 2011 og fimm starfsmenn. Starfsmenn voru: Bryndís Kristín Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri, Jóhann Ingólfsson, verkefna- og tæknistjóri, Rannveig Hjartardóttir, þjónustustjóri, í fullu stöðugildi fyrri hluta ársins en hálfu eftir það og Helga Hinriksdóttir, verkefnastjóri Eflum Byggðar í Húnaþingi vestra í hálfu stöðugildi. Halldór B. Gunnlaugsson var ráðinn í fullt starf til Farskólans 1. apríl. Jóhann og Halldór skiptu með sér starfi sem var eyrnamerkt háskólanáminu í gegnum svokallaða Norðvesturnefnd. Auk þess hafði Dóra Ingibjörg Valgarðsdóttir umsjón með kvöldnámskeiðum í Námsverinu á Faxatorgi frá áramótum og fram á vor.

2. Styrkir og vildargjöld 2011

Á fjárlögum fyrir árið 2011 fékk Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra styrki til reksturs Farskólans og háskólanámsins og til ýmissa fræðsluverkefna, eins og kennslu námskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Farskólinn var einnig í samstarfi við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra. Stofnaðilar greiddu vildargjöld til Farskólans. Sjá nánar í töflu 1.

Tafla 1. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Farskólans árið 2011.

Framlag frá	Verkefni	Styrkuppþæð
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Rekstur Farskólans og háskólanám	28.000.000,-
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Íslenskuskólinn á Blönduósi	405.000,-
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir	9.015.000,-
Fræðslusjóður	Náms- og starfsráðgjöf	2.999.949,-
Stofnaðilar	Greitt vildargjald stofnaðila *	1.635.869,-
Fjölmennt	Til námskeiðahalds	1.000.000,-
Samtals:		43.055.818,-

*Þau vildargjöld sem greidd voru árið 2011

2.1 Mennta- og menningarmálaráðuneytið - framlög

Á Fjárlögum 2011 fékk Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra samtals 28 milljónir króna, samkvæmt samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem undirritaður var 17. nóvember 2011. Í samningnum segir um meginmarkmið, að Farskólinn mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Farskólinn skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila ... vera með fjarnáms- og kennsluáðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir ... miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“ (Úr samningi við Mennta og menningarmálaráðuneytið árið 2011).

Samkvæmt samningnum í gegnum svokallaða Norðvesturnefnd frá 2008 var gert ráð fyrir átta milljóna króna framlagi frá ríkinu til að fjármagna eitt stöðugildi í þrjú ár, sem ætlað var til að efla háskólanám á Norðurlandi vestra. Þessir fjármunir komu til Farskólans með fyrrgreindum samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stöðugildið sem hér um ræðir skiptist á tvo starfsmenn: Halldór B. Gunnlaugsson (50%) og Jóhann Ingólfsson (50%) en Jóhann hafði yfirumsjón með tæknimálum vegna háskólakennslu og sá um próf háskólanema.

2.2 Sveitarfélög, stéttarfélög, fyrirtæki og stofnanir - framlög

Haustið 2010 sendi Farskólinn bréf til stofnaðila Farskólans vegna vildargjalda fyrir árið 2011, en aðalfundur Farskólans 2010 samþykkti að vildargjöld til Farskólans skyldu vera óbreytt fyrir árið 2011. Samkvæmt ársreikningi 2011 námu greidd vildargjöld til Farskólans frá þessum aðilum 1.635.869 kr.

2.3 Framlög Fræðslusjóðs

Árið 2011 gerði Farskólinn samstarfssamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um kennslu nokkurra vottaðra námsleiða og um verkefni tengt náms- og starfsráðgjöf. Framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða námu 14.870.000 kr. Þar sem ekki náðust þátttakendur í nokkrar námsleiðir sem fyrirhugað var að kenna árið 2011 þá endurgreiddi Farskólinn Fræðslusjóði 5.855.000 kr í lok ársins 2011. Framlög vegna vottaðra námsleiða FA urðu því eftir uppgjör: 9.015.000 kr.

Farskólinn gerði einnig samning við FA vegna náms- og starfsráðgjafar. Samningurinn hljóðaði upp á 3.604.579 kr. Árangursmarkmið ársins 2011 voru 155 viðtöl. Þau markmið náðust ekki og endurgreiddi Farskólinn Fræðslusjóði 604.630 kr. (380.000 kr árið 2010). Framlag til náms- og starfsráðgjafar nam því 2.999.949 kr eftir uppgjör.



Frá námskeiði í húsgagnaviðgerðum haustið 2011

3. Um fræðslustarfið / símenntun 2011

3.1 Tölfræði vegna námskeiða Farskólans




Árið 2011 gaf Farskólinn út tvo Námsvísa; í janúar og september. Í Námsvísi Farskólans var þjónusta Farskólans kynnt fyrir íbúum á Norðurlandi vestra ásamt upplýsingum um námskeið; viðtöl voru við námsmenn og fleira.

Í þessum kafla eru myndrænar lýsingar á fjölda námskeiða og námsmanna samanborið við árið 2010. Í viðauka við Ársskýrsluna má sjá samanburð frá árinu 2003.

Námskeið


Námskeiðin eru talin á hverri önn fyrir sig; annars vegar á vorönn og hins vegar á haustönn. Þau námskeið sem ná yfir árásmót eða sumarfrí teljast því sem tvö námskeið (fyrrri hluti og seinni hluti). Sem dæmi má nefna að á haustönn 2011 var Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum, fyrri hluti, haldið á Sauðárkróki eða 150 kennslustundir. Seinni hluti námsins var haldinn á vorönn 2012 og telst sá hluti námsins því til vorannar þess árs.

Árið 2011 voru haldin 64 námskeið; 26 námskeið á vorönn og 38 námskeið á haustönn. Í fylgiskjölum (Tafla 5 og 6) eru öll námskeiðin talin upp ásamt nánari upplýsingum um þau. Námskeiðum fjölgaði um tíu á milli árána 2010 og 2011 eða um 18,5%. Sjá mynd 1 sem sýnir fjölda námskeiða frá árinu 2003.




Mynd 1. Myndin sýnir fjölda námskeiða frá 2003 – 2011.

Námskeið Farskólans 2011 eru flokkuð í fimm flokka. Í fyrsta flokki eru vottaðar námsleiðir FA sem eru fjármagnaðar af Fræðslusjóði. Í öðrum flokki eru námskeið sem tengjast störfum fólks eða eru til að efla persónulega færni þess. Sem dæmi um námskeið í þessum flokki má nefna tungumála- og tölvunámskeið, dyravarðanámskeið og Eflum Byggð. Í þriðja flokki eru íslenskunámskeið sem styrkt eru sérstaklega af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Landnemaskólinn, sem ætlaður er fólki af erlendu bergi brotið, fer ekki í þennan flokk því hann tilheyrir námsleiðum FA. Fjórða flokknum tilheyrja námskeið sem styrkt eru af Fjölmennt og eru ætluð skjólstæðingum þeirra eða fötluðum einstaklingum. Fimmta flokknum tilheyrja tómsundanámskeið af öllum stærðum og gerðum. Sum tómsundanámskeið er erfitt að flokka og ættu sum þeirra heima með starfstengdum námskeiðum. Sem dæmi um það má nefna námskeið í ostagerð, fatasaumi eða húsgagnaviðgerðum. Síðastnefndu námskeiðin eru hins vegar flokkuð hér sem tómsundanámskeið. Sjá nánar um fjölda námskeiða í hverjum flokki á mynd 2.



Mynd 2. Myndin sýnir fjölda námskeiða eftir flokkum árin 2010 og 2011.


Ef fjöldi námskeiða árið 2011 er skoðaður eftir sveitarfélögum þá voru flest námskeið haldin í Skagafirði. Í Húnaþingi vestra voru haldin 22 námskeið. Þar af voru 8 sem tilheyrðu fræðsluverkefninu Eflum Byggð. Sjá nánar á mynd 3.



Mynd 3. Myndin sýnir fjölda námskeiða eftir sveitarfélögum á Norðurlandi vestra árið 2011.


Námsmenn

Árið 2011 voru námsmenn í Farskólanum 671 að tölu. Námsmönnum fjölgaði um 206 á milli ára eða um 44,3%. Mynd 3 sýnir fjölda námsmanna eftir námskeiðsflokkum árin 2010 og 2011.



Mynd 4. Myndin sýnir fjölda námsmanna eftir flokkum árin 2010 og 2011.

Námsmenn komu víða að af Norðurlandi vestra. Ef póstnúmer þátttakenda eru skoðuð kemur í ljós að flestir komu frá Sauðárkróki og næstflestir komu frá Hvammstanga. Sjá nánar á mynd 5.




Mynd 5. Myndin sýnir fjölda þátttakenda á námskeiðum Farskólans 2011 eftir póstnúmerum.

Kennslustundir og nemendastundir

Árið 2011 voru kennslustundir á námskeiðum 2302 að tölu en hver kennslustund var 40 mínútur að lengd. Kennendum stundum fækkaði um 4,7% á milli ára.


Nemendastundir árið 2011 voru 25.842 og fækkaði þeim um 2,6% á milli ára. Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda saman fjölda námsmanna og fjölda kenndra stunda á hverju námskeiði fyrir sig og leggja tölurnar síðan saman. Sjá mynd 6.



Mynd 6. Myndin sýnir hvernig nemendastundir skiptast á milli námskeiðsflokka 2010 og 2011.


Karlar og konur - meðalaldur

Á námskeiðum Farskólans árið 2011 voru 470 konur og 201 karl. Mynd 7 sýnir fjölda kvenna og karla á námskeiðum Farskólans og þróunina á námskeiðssókn eftir kynjum. Körlum fjölgaði um 30,5% á milli ára.




Mynd 7. Fjöldi karla og kvenna á námskeiðum Farskólans frá 2003 – 2011.

Ef hlutfall karla og kvenna á námskeiðum Farskólans er skoðað kemur í ljós að árið 2011 voru karlar 30% af námsmönnum Farskólans..



Mynd 8. Hlutfall karla og kvenna á námskeiðum Farskólans frá 2003 – 2010

Meðalaldur þátttakenda á námskeiðum Farskólans árið 2011 var 45 ár (41,5 ár árið 2010). Flestir þátttakendur voru 56 ára (42 ára árið 2010). Yngsti þátttakandinn var 9 ára (17 ára, 2010) og sá elsti var 81 árs (74 ára, 2010). Það voru því 72 ár á milli þess sem elstur var og þess yngsta.



Frá Veðurnámskeiði með Einari Sveinbjörnssyni haustið 2011

3.2 Námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Árið 2011 bauð Farskólinn til kennslu sjö (tíu námskrár árið 2010) námskrár sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út og eru vottaðar af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til framhaldsskólæininga. Sjá töflu 2.

Tafla 2 Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins styrktar úr Fræðslusjóði sem kenndar voru 2011.

Námsleið FA - nafn	Hvar haldið	Athugasemdir
Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum – seinni hluti	Sauðárkrókur	Framhald frá haustinu 2010
Iðngrunnur	Sauðárkrókur (Blönduós/Skagatrönd)	Framhald frá 2010
Grunnmenntaskólinn	Sauðárkrókur	Framhald frá haustinu 2010
Skrifstofuskólinn – seinni hluti	Blönduós	VMST - atvinnuleitendur
Skrifstofuskólinn	Sauðárkrókur	VMST - atvinnuleitendur
Fagnámskeið 2 *	Hvammstangi	Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Fagnámskeið 3 *	Blönduós	Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi
Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum – fyrri hluti	Sauðárkrókur og Blönduós	Fjarkennt frá Sauðárkróki til Blönduóss og Blönduvirkjunar
Landnemaskólinn – fyrri hluti	Blönduós	

*Fagnámskeið fyrir starfsfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu

3.3 Eflum Byggð í Húnaþingi vestra

Í desember 2010 samþykkti stjórn Farskólans að koma á fót nýju tveggja ára fræðsluverkefni í Húnaþingi vestra sem fjármagnað yrði af Farskólanum. Verkefnið er í anda Eflum Byggðar á Blönduósi og Skagatrönd 2008 - 2010 og í anda Evrópuverkefnisins Breytum Byggð eða LearnCom sem haldið var á Hofsósi 2001 – 2003. Í janúar 2011 gerði Farskólinn samning við Virki þekkingarsetur á Hvammstanga um að starfsmaður þess yrði ráðinn til tveggja ára til að sinna verkefnastjórn í Eflum Byggð. Helga Hinriksdóttir var ráðin sem verkefnastjóri Eflum Byggðar til tveggja ára.

Eflum Byggð hófst með íbúafundi þar sem rúmlega fimmtíu heimamenn komu saman. Þar var verkefnið rætt og fræðsluþarfir heimamanna greindar. Langflestir vildu læra ensku og tölvufræði. Einnig vildu fundargestir fá fræðslu í bókhaldi, rekstri smáfyrirtækja, áttthagafræði og frumkvöðlafræði. Á vorönn 2011 voru þrjár hópar í tölvum og einn hópur í ensku. Á haustönn voru einnig þrjár hópar í tölvum og einn í ensku. Samanlagt voru því kenndar 80 kennslustundir í ensku og 240 kennslustundir í



tölvum (3 x 80 kest.). Á vorönn voru námsmenn í Eflum Byggð 44 að tölu og á haustönn voru þeir 48 að tölu. Námið var þátttakendum að kostnaðarlausu.

Eflum Byggð er samstarfsverkefni Farskólans, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Verkaskipting er með þeim hætti að Farskólinn skipuleggur verkefnið, hefur umsjón með því og ræður leiðbeinendur. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hefur umsjón með frumkvöðlafræðihluta námsins og Hólaskóli sér um áttagafræðihlutann. Ítarlegri skýrslu verður skilað um verkefnið við lok þess.

Í september 2011 fór framkvæmdastjóri á ráðstefnu í Lundi í Svíþjóð sem bar yfirskriftina: „How can education help society to meet challenges, make use of opportunities and create changes?“ Á ráðstefnunni var meðal annars fjallað um fræðsluverkefnið Eflum Byggð á Blönduósi og Skagströnd.

3.4 Önnur námskeið

Í samvinnu við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra voru haldin fimm námskeið á árinu. Eitt á Hvammstanga og fjögur á Sauðárkróki.

Að frumkvæði Vinnumálastofnunar skipulagði Farskólinn Kvikmyndasmiðju vorið 2011 fyrir atvinnuleitendur. Þátttakendur voru átta; sjö karlmenn og ein kona. Þátttakendur komu frá Skagafirði, Blönduósi og Skagströnd. Námskeiðið stóð yfir í tvo mánuði eða 160 klukkustundir. Árni Gunnarsson, kvikmyndagerðamaður sá um kennsluna og fór hún fram í vinnuaðstöðu hans; Skottu á Sauðárkróki. Í lok námskeiðs sýndu þátttakendur fjórar stuttmyndir.

Mikil gróska var í matreiðslunámskeiðum árið 2011. Námskeið í ostagerð, heitreykingu matvæla, reykingu matvæla, indverskri matargerð og sushi. Sum þessara námskeiða voru haldin í samvinnu við aðra eins og Landbúnaðarháskóla Íslands.



Frá útskrift úr Kvikmyndaskólanum vorið 2011

4. Náms- og starfsráðgjöf

Um og eftir áramótin 2010 / 2011 auglýsti Farskólinn eftir náms- og starfsráðgjafa (40% starfshlutfall) til að sinna náms- og starfsráðgjöf fyrir markhópin. Engar umsóknir um starfið bárust frá náms- og starfsráðgjafa með réttindi. Til að uppfylla samning sem gerður var við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um náms- og starfsráðgjöf leitaði Farskólinn til Aðalheiðar Reynisdóttur framhaldsskólakennara og náms- og starfsráðgjafa um að heimsækja fyrirtæki og taka viðtöl fyrir Farskólann. Fleiri náms- og starfsráðgjafar komu að náms- og starfsráðgjöfinni og voru það: Hildur Bettý Kristjánsdóttir, Heimir Haraldsson, Helgi Þorbjörn Svavarsson og Valgeir Magnússon frá Símei – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Guðrún Vala Elísdóttir frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi ásamt Sigrúnu Þórisdóttur frá Vinnumálastofnun á Norðurlandi vestra.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að veita ráðgjöf og hvatningu bæði til einstaklinga innan markhópsins og fyrirtækja; taka viðtöl, leiðbeina og fleira. Ekki tókst að uppfylla þau markmið sem sett voru í samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um fjölda viðtala á Norðurlandi vestra. Árangursviðmið ársins var að tekin yrðu 155 viðtöl. Farskólinn endurgreiddi Fræðslumiðstöð atvinnulífsins því 604.630 kr lok ársins 2011. Þessi þjónusta Farskólans er markhópnum að kostnaðarlausu.



Myndirnar eru frá útskrift Grunmenntaskólans vorið 2011.

5. Háskólanám

Formlegt háskólanám í tengslum við Farskólann hófst á Norðurlandi vestra haustið 2002 þegar Farskólinn gerði formlega samstarfssamninga við íslensku háskólana. Farskólinn sendi einnig fulltrúa sína til viðræðna við forstöðumenn sveitarfélagana á svæðinu um háskólanámið og verkefni tengd því. Frá haustinu 2002 hafa verið starfrækt námsver og námsstofur á fjórum stöðum á Norðurlandi vestra sem allar bjóða upp á fjarfundabúnaði og aðstöðu til náms. Sjá nánar í töflu 3.

Tafla 3. Yfirlit yfir námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra

Námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra		
Staðir	Umsjónarmenn	Staðsetning
Hvammstangi	Sigríður Tryggvadóttir	Höfðabraut 6
Blönduós	Þórhalla Guðbjartsdóttir Ásgerður Pálsdóttir hjá stéttarfélaginu Samstöðu.	Grunnskólinn Þverbraut 1
Skagaströnd	Björn Ingi Óskarsson	Mánabraut 3 / Einbúastíg 2
Sauðárkrókur	Jóhann Ingólfsson og Halldór B. Gunnlaugsson	Við Faxatorg

Sveitarfélögin, hvert á sínum stað, sjá um rekstur námsveranna að mestu leyti. Á Hvammstanga og Skagaströnd eru starfsmenn í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu. Á Blönduósi gerði sveitarfélagið samning við stéttarfélagið Samstöðu um að hafa daglega umsjón með námsverinu. Á Sauðárkróki hafa tveir starfsmenn Farskólans sameiginlega haft umsjón með Námsverinu.

Á undanförunum árum hefur Farskólinn keypt nýja fjarfundabúnaði ásamt hliðarbúnuðum í öll námsver á Norðurlandi vestra. Gert er ráð fyrir að háskólanámið hafi forgang í búnaðina.

Þegar námsverin og námsstofurnar voru settar á fót 2002 var þeirri hugmyndafræði fylgt að námsmenn sjálfir væru sem mest sjálfbjarga; lærðu á fjarfundabúnaðina og fengju lykla. Þetta hefur gengið eftir.

Árið 2011 voru tekin samtals 299 háskólapróf í námsverum og námsstofum á Norðurlandi vestra. Þessar tölur eru ekki tæmandi. Í töflu 4 má sjá skiptingu prófa á milli staða.

Tafla 4. Fjöldi skráðra prófa í námsverum eftir stöðum árið 2011

Háskólapróf fjarnema á Norðurlandi vestra árið 2011 eftir stöðum		
Staðir	Háskólapróf	Framhaldsskólapróf
Námsverið á Faxatorgi	230	0
Hvammstangi	43	74
Blönduós *	15	0
Skagaströnd	11	11
Samtals:	299	85

*Próf tekin á Þverbraut 1

Farskólinn sendir sveitar- og bæjarstjórum á hverju hausti drög að samningum sem gerðir voru við hvert og eitt sveitarfélag árið 2002 vegna háskólanámsins og var unnið eftir þeim árið 2011.

6. Húsnæði og búnaður

Frá vorinu 2002 hefur Farskólinn leigt skrifstofur af sveitarfélaginu Skagafirði við Faxatorg á Sauðárkróki. Þar er námsver háskólanema einnig til húsa.

Farskólinn keypti enga nýja fjarfundabúnaði til afnota í námsverunum árið 2011 enda nýbúið að endurnýja fjarfundabúnaði í öllum námsverunum á Norðurlandi vestra. Fjarfundabúnaðirnir eru fyrst og fremst hugsaðir fyrir fjarnemendur í háskólanámi samkvæmt fyrri samningum.

6.1 Menntabruin, FS net og kerfisleiga

Farskólinn á hlut (1/27 hluti) í svokallaðri Menntabru á samt fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum innan Kvasis, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Langflestir fjarfundir (kennsla fjarnemenda frá HA) fara fram í gegnum Menntabruna. Jóhann Ingólfsson heldur utan um alla fjarkennslu og fjarfundi hjá Farskólanum. Árið 2011 keypti mennta- og menningar- málaráðuneytið nýja Menntabru til að auka samstarf háskólanna. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis eiga ekki aðild að nýju brúnni enn sem komið er.

Jóhann Ingólfsson situr í stjórn FS netsins fyrir hönd Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. FS netið er háhraðanet sem tengir saman alla framhaldsskóla á Íslandi og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. FS netið er í öllum námsverum og námsstofum á Norðurlandi vestra og greiða sveitarfélögin kostnað við það samkvæmt samningi.

Fyrri hluta ársins 2011 var Farskólinn í samstarfi við FNV um tölvuþjónustu og tengingu við FS netið. Því samstarfi lauk um mitt sumar og í kjölfarið gerði Farskólinn samning við Fjölnetið á Sauðárkróki um tölvuþjónustu (kerfisleiga) og tengingar við alnetið.



Frá námskeiðinu Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum vorið 2011

7. Gæðastarf – viðurkenning fræðsluaðila

Í janúar 2011 hófst markviss vinna hjá Farskólanum við að innleiða gæðakerfi; svokallað EQM (European Quilti Mark). „EQM er gagnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum ... EQM tekur mið af: 1) gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir, 2) innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila, 3) hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum“ (Sótt á vefinn 9. maí af <http://frae.is/recall/>).

Gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki vorið 2012 og að fyrsta úttekt á starfsemi Farskólans fari fram haustið 2012. Matsaðili er einnig til ráðgjafar um gæðamál meðan á matsferlinu stendur.



Frá námskeiði í heitreykingu matvæla

8. Samstarf og verkefni

8.1 Kvasir og Leikn

Farskólinn er aðili að Kvasi en Kvasir eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þétttriðið net hringinn í kringum landið.

Í stjórn Kvasis fyrri hluta ársin sátu Hulda Ólafsdóttir frá Mími - símenntun í Reykjavík, Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Stefanía Kristinsdóttir frá Þekkingarneti Austurlands sem var formaður. Á aðalfundi Kvasis vorið 2011 var Bryndís Þráinsdóttir kosin í stjórn í stað Smára og Guðjónína Sæmundsdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum kom einnig í stjórn. Bryndís gegndi formennsku í Kvasis seinnihluta ársins 2011. Kvasir hélt vörfund sinn í Reykjavík en haustfundinn í Reykjahlíð í Mývatnssveit.

Mikil gróska hefur verið í starfsemi Kvasis. Haldnir voru fundir með mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Fræðslusjóði og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Auk þess sem forstöðumenn héldu fundi. Helstu verkefni á árinu 2011 voru:

- Samræming á upplýsingum vegna ársreikninga, ársskýrslna og áætlana.
- Þróun á Markviss aðferðafræðinni.
- Samningsgerð við samstarfsaðila.
- Þróun nemendabókhaldaðkerfis og fleira.
- Umsóknir um þróunarverkefni.

Heimasíða Kvasis er: www.fraedslumidstodvar.is. Þar má meðal annars lesa árskýrslur samtakanna. Á mynd 9 má sjá hvar stöðvarnar eru staðsettar á landinu.



Mynd 9. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og í Reykjavík. Rautt tákna „aðalstöð“ og blátt tákna námsver og námsstofur.

Farskólinn er aðili að Leikn en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Formaður Leiknar er Iðunn Antonsdóttir. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is.

8.2 Aðrir samstarfsaðilar

Skólar

Farskólinn var í góðu samstarfi við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Fjölbautaskólinn hefur séð um að votta framhaldsskólaeiningar þar sem það á við og leiðbeinendur á lengri námskeiðum Farskólans koma einnig margir þaðan. Leiðbeinendur koma einnig frá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum og grunnskólum á svæðinu. Námsmenn á námskeiðum Farskólans hafa nýtt sér verknámsaðstöðuna í FNV á nokkrum námskeiðum og fengið leiðsögn frá verknámskennurum.

Farskólinn er í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Farskólinn auglýsir það fjarnám sem er í boði til Norðurlands vestra á heimasíðu sinni.

Vinnumálastofnun

Farskólinn og Vinnumálastofnun Norðurlands vestra voru í samstarfi á árinu. Árið 2011 skipulagði Farskólinn þrjú námskeið að frumkvæði Vinnumálastofnunar fyrir atvinnuleitendur; *Kvikmyndasmiðju*, *Skrifstofuskólann á Blönduósi*, og *Skrifstofuskólann (framhald) á Sauðárkróki*. Auk þess sendi stofnunin skjólstæðinga sína á önnur námskeið hjá Farskólanum.

Fjölmennt

Árið 2011 voru haldin fimm námskeið í samstarfi við Fjölmennt fullorðinfræðslu fatlaðra; á Hvammstanga var eitt *tölvunámskeið*. Á Sauðárkróki voru haldin fjögur námskeið; *Verum örugg (tvö námskeið)* og *tölvunámskeið* ásamt *Jólasmiðju*.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið - Íslenska fyrir útlendinga

Á Blönduósi var mikill áhugi á íslenskunámskeiði. Í samvinnu við fulltrúa Pólverja á staðnum og stéttarfélagið Samstöðu var ákveðið að stofna Íslenskuskólann. Skólinn var samtals 60 kennslustundir. Sigrún Þórisdóttir, sérkennari og náms- og starfsráðgjafi kenndi á námskeiðinu. Aðstoðarkennari og túlkur á námskeiðinu var Pawel Mickiewicz. Styrkur fékkst frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til námskeiðsins. Á haustönn 2011 fór sami hópur þátttakenda í Landnemaskólann og var Pawel túlkur á því námskeiði einnig. Landnemaskólanum lýkur vorið 2012.

8.3 Verkefni

„Vika símenntunar“

„Vika símenntunar“ var haldin hjá Farskólanum haustið 2011. Á vofundi Farskólans síðsumars 2011, sem var stefnumótunarfundur, var ákveðið að heimsækja alla þéttbýlisstaði á svæðinu. Á fundunum var starfsemi Farskólans kynnt; stéttarfélögin kynntu fræðslustyrki, FNV kynnti námsframboð skólans og Vinnumálastofnun kynnti þjónustu sína.

Markviss

Halldór B. Gunnlaugsson hóf Markviss þjálfun haustið 2012. Þegar hann hefur lokið sinni þjálfun hefur Farskólinn yfir að ráða þremur Markviss ráðgjöfum.

Umsóknir um Þróunarverkefni

Farskólinn sótti um nokkur verkefni tengd fræðslu á árinu 2011. Farskólinn er samstarfsaðili Fræðslunets Suðurlands að verkefni um gerð námsefnis í ensku fyrir fullorðna sem þróunarsjóður Fræðslusjóðs styrkti. Námsefnið mun kallast „A JOB TO BE DONE“ og verður það tilraunakennt hjá Farskólanum við fyrsta tækifæri.

Einnig er Farskólinn í samstarfi við þrjár aðrar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar; Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunet Suðurlands og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um að tilraunakenna í fjarnámi Fagnámskeið fyrir leikskólaliða. Verkefnið hefst formlega í ágúst og er styrkt af Fræðslusjóði. Jóhann Ingólfsson hefur setið í verkefnastjórn fyrir Farskólann.

Farskólinn sótti um tvö fræðsluverkefni í sjóðinn „Sáttmáli til sóknar í skólamálum í Skagafirði“. Báðum umsóknum var hafnað. Annað verkefnið var leiðsögumannanám í Skagafirði og hitt var til Frumkvöðlasmiðju í Skagafirði með áherslu á ungt fólk.



Frá námskeiðinu Indversk matargerð haustið 2011

9. Starfið framundan í Farskólanum

Í upphafi ársins 2012 var gerður samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að kenna nokkrar námsleiðir. *Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum 4*, seinni hluti verður kenndur á Sauðárkróki og er fjarkennt til Blönduóss. *Landnemaskólinn*, seinni hluti verður kenndur á Blönduósi og verður skólanum slitið í byrjun maí. *Fagnámskeið 3* fer af stað á Hvammstanga í byrjun september og er námið fyrst og fremst ætlað starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Hvammstanga. *Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum 5* verður kennt frá Sauðárkróki til Blönduóss og fleiri staða ef áhugi er fyrir hendi. Nú þegar eru komnar nokkrar skráningar. Fleiri námskrár verða í boði og má þar nefna: *Sterkari starfsmann* og *Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk*.

Fræðsluverkefningu *Eflum Byggð* í Húnaþingi vestra lýkur formlega í desember 2012. Á vorönn 2012 sóttu þátttakendur námskeið í bókhalda og áttahagafræði. Haustönn verður helguð frumkvöðlafræði.

Áfram verður boðið upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna og lesblindugreiningar.

Farskólinn hefur verið í sambandi við ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi vestra. Nokkur þjónustunámskeið verða haldin í lok maí fyrir þessa aðila. Búið er að ákveða námskeið í Skagafirði og í Austur – Húnavatnssýslu. Halldór B. Gunnlaugsson hefur umsjón með þessu verkefni.

Starfsfólk Farskólans hefur unnið að gæðamálum skólans frá því í janúar 2011. Vinnan hefur tafist nokkuð en gert er ráð fyrir að henni ljúki sumarið 2012 og að starf Farskólans verði tekið út á haustmánuðum.

Til að fræðsluaðili fái viðurkenningu til að annast framhaldsfræðslu samkvæmt lögum nr 27, 31. mars 2010, þarf Farskólinn meðal annars að koma upp gæðakerfi með áherslu á nám fullorðinna. Í lögnum segir meðal annars í 7. grein um viðurkenningu fræðsluaðila: „Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Viðurkenning skal byggjast á mati á eftirtöldum þáttum: ... tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna“. Farskólinn mun senda inn formlega umsókn um viðurkenningu til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sumarið 2012.

Mikil áhersla er lögð á að heimsækja fyrirtæki og stofnanir næstu misserin, til að kynna starfsemina, náms- og starfsráðgjöf, lesblindugreiningar og Markviss. Vorið 2012 voru nokkur fyrirtæki heimsótt og er Markviss vinna hafin í einu þeirra.

10. Lokaorð

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir landshlutfundi á Norðurlandi vestra 8. mars síðastliðinn þar sem fjallað var um þróun starfsmenntunar. Þar var meðal annars fjallað um brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum. Þessir umræddu nemendur koma margir seinna meir inn í fræðslu- og símenntunarmiðstöð eins og Farskólann til að hefja nám að nýju; hvort sem um er að ræða stutt námskeið eða lengri námsleið. Margir eiga sér þann draum að ná sér í formlega menntun eða ljúka námi sem þeir hófu á sínum tíma. Skrefið getur reynst námsmönnum erfitt.

Margar ástæður eru fyrir því að nemendur hverfa of snemma frá námi. Sumir vilja fara snemma út á vinnumarkaðinn. Aðrir hætta vegna örðugleika í námi svo dæmi séu tekin. Eitt eiga þessir námsmenn þó sammerkt þegar þeir koma aftur í nám til Farskólans og það er mikill áhugi og samviskusemi í náminu.

Á fyrrnefndum fundi sagði Guðmunda S. Guðmundsdóttir frá skólagöngu sinni og reynslu sinni sem námsmanns í Námi og þjálfun, en hún situr ýmist í fjarfundabúnaði í Blönduvirkjun eða á Blönduósi. Hún hvatti Farskólann til að fara á vinnustaði og kynna möguleika fólks á því að fara aftur í nám og hún hvatti til þess að námsverin og fjarfundabúnaðirnir verði nýttir enda möguleikarnir nánast óendanlegir.

Farskólinn tekur undir hvatningu Guðmundu og hefur þegar hafið skipulegar heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra með það að markmiði að bjóða sem besta þjónustu þegar kemur að fræðslu fullorðinna í nánustu framtíð.

Stjórn Farskólans þakkar samstarfsaðilum Farskólans gott samstarf á árinu 2011.

Sauðárkrókur 12. maí, 2012

Fyrir hönd stjórnar Farskólans

Bryndís Kristín Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl


Tafla 5. Námskeið í Farskólanum vorið 2011

Farskólinn - Námskeið vorönn 2011							
	Heiti námskeiðs	Hvar	Nem.	Tímar	Nemst.	kon	karl
1	Dyravarðanámskeið	Sauðárkrókur	8	20	160	1	7
2	Enska - Eflum Byggð	Hvammstangi	11	40	440	8	3
3	Enska byrjendur	Sauðárkrókur	3	20	60	0	3
4	Enska framhald	Sauðárkrókur	7	20	140	7	0
5	Excel - lengra komnir	Sauðárkrókur	8	32	256	5	3
6	Fagnámskeið 1 - framhald	Hvammstangi	15	29	435	14	1
7	Fagnámskeið 2 - framhald	Blönduós	11	27	297	9	2
8	Grunnmenntask Sauð framh	Sauðárkrókur	8	215	1720	8	0
9	Iðngrunnur - nám og þjálfun frh.	Sauðárkrókur	12	94	1128	0	12
10	Íslenskuskólinn - byrjendur	Blönduós	17	60	1020	11	6
11	Kvikmyndasmiðja	Sauðárkrókur	8	225	1800	1	7
12	Kökuskreytingar	Sauðárkrókur	12	6	72	12	0
13	Ljósmyndanámskeið	Blönduós	4	10	40	3	1
14	Ljósmyndanámskeið	Hvammstangi	11	10	110	8	3
15	Ljósmyndanámskeið	Sauðárkrókur	7	10	70	5	2
16	Nám og þjálfun Sauðár framhald	Sauðárkrókur	13	150	1950	7	6
17	Skrifstofuskólinn Blönduósi	Blönduós	14	240	3360	6	8
18	Skrifstofuskólinn Sauðárkróki	Sauðárkrókur	13	174	2262	10	3
19	Tölvur - Eflum Byggð hópur 1	Hvammstangi	12	40	480	8	4
20	Tölvur - Eflum Byggð hópur 2	Hvammstangi	12	40	480	7	5
21	Tölvur - Eflum Byggð hópur 3	Hvammstangi	9	40	360	7	2
22	Tölvur - Fjölmennt	Hvammstangi	5	24	120	4	1
23	Útskurður	Hvammstangi	6	15	90	4	2
24	Útskurður	Sauðárkrókur	8	15	120	3	5
25	Verum örugg - Fjölmennt	Sauðárkrókur	4	12	48	4	0
26	Verum örugg - Fjölmennt	Sauðárkrókur	5	12	60	0	5
			243	1580	17078	152	91


Tafla 6. Námskeið í Farskólanum haustið 2011

Farskólinn - Námskeið haustönn 2011							
	Heiti námskeiðs	Hvar	Nem.	Kest	Nemst.	kon	karl
1	Chile, vín og matur	Sauðárkrókur	20	4,5	90	10	10
2	Enska - Eflum Byggð	Hvammstangi	11	40	440	11	0
3	Fagnámskeið 2	Hvammstangi	9	66	594	9	0
4	Fagnámskeið 3	Blönduós	9	66	594	8	1
5	Fatasaumur	Sauðárkrókur	6	14	84	6	0
6	Heitreyking matvæla	Varmahlíð	18	5	90	7	11
7	Húsgagnaviðgerðir	Hvammstangi	12	9	108	10	2
8	Húsgagnaviðgerðir	Sauðárkrókur	13	9	117	13	0
9	Indversk matargerð	Sauðárkrókur	19	4,5	85,5	15	4
10	Indversk matargerð - hópur 1	Hvammstangi	10	4,5	45	10	0
11	Indversk matargerð - hópur 2	Hvammstangi	8	4,5	36	8	0
12	Jólasmiðja - Fjölmennt	Sauðárkrókur	3	15	45	2	1
13	Jólavín og matur	Sauðárkrókur	16	4,5	72	9	7
14	Landnemaskólinn - fyrri hluti	Blönduós	14	30	420	10	4
15	Nám og þjálfun Sau/Blönduós fyrri hluti	Sauðárkrókur/Blö	18	150	2700	13	5
16	Ostagerðanámskeið	Sauðárkrókur	14	8	112	10	4
17	Ostagerðanámskeið	Blönduós	10	8	80	10	0
18	Prentun og vinna með blek	Sauðárkrókur	3	4,5	13,5	3	0
19	Reyking matvæla	Sauðárkrókur	11	12	132	0	11
20	Sápugerðarnámskeið	Sauðárkrókur	8	4,5	36	8	0
21	Sápugerðarnámskeið	Hvammstangi	11	4,5	49,5	11	0
22	Skrautskrift	Blönduós	7	12	84	7	0
23	Skrautskrift	Sauðárkrókur	11	12	132	10	1
24	Skvísugreiðslur	Hvammstangi	9	4	36	9	0
25	Skyndihjálpar námskeið - starfsfólk Lyfju	Sauðárkrókur	10	4,5	45	9	1
26	Stafræn ljósmyndun byrjendur	Hvammstangi	11	10	110	7	4
27	Sushi námskeið	Sauðárkrókur	12	7,5	90	11	1
28	Sushi námskeið	Hvammstangi	10	7,5	75	10	0
29	Tölvur - Fjölmennt	Sauðárkrókur	4	9	36	2	2
30	Tölvur Eflum Byggð í Húnaþingi v hópur 1	Hvammstangi	14	40	560	9	5
31	Tölvur Eflum Byggð í Húnaþingi v hópur 2	Hvammstangi	13	40	520	11	2
32	Tölvur Eflum Byggð í Húnaþingi v hópur 3	Hvammstangi	10	40	400	7	3
33	Veðurfar í Húnaþingi vestra	Hvammstangi	15	4,5	67,5	1	14
34	Veðurfar í Skagafirði	Sauðárkrókur	19	4,5	85,5	6	13
35	WordPress heimasíðugerð	Sauðárkrókur	14	13,5	189	10	4
36	Þæfing	Sauðárkrókur	9	15	135	9	0
37	Þæfing	Hvammstangi	8	15	120	8	0
38	Þæfing	Sauðárkrókur	9	15	135	9	0
			428	722	8763,5	318	110


Fjöldi námsmanna, kennslustunda og nemendastunda frá 2003



Mynd 10. Myndin sýnir fjölda námsmanna árin 2003 – 2011.



Mynd 11. Myndin sýnir fjölda kennslustunda árin 2003 – 2011.



Mynd 12. Myndin sýnir fjölda nemendastunda árin 2003 – 2011.